

## ÖÍS-2018-02 Norðurhjarí – kynnisferð

Lýsing verkefnis: Vestnorden - vestnorræna ferðakaupstefnan, sem haldin er á Íslandi á þriggja ára fresti verður haldin á Akureyri í byrjun október 2018. Þetta gefur einstakt tækifæri til að taka þátt og kynna svæðið fyrir austan Tjörnes. Markmiðið er að bjóða fulltrúum erlendra ferðaskrifstofa sem eru á leið til Akureyrar í tveggja daga ferð dagana fyrir kaupstefnuna, þ.e. 30. september til 1. október. Þátttakendum yrði kynnt svæðið með heimsóknum til ferðaaðila við Öxarfjörð og austar, t.d. í Þjóðgarðinn og fleira. Öll fyrirtæki í ferðaþjónustu í Öxarfjarðarhéraði fengju tækifæri til að taka á mótí hópnum og kynna sig.

Afgreiðsla: Verkefnið er talið vera öflugt markaðssetningartæki í samvinnu við Markaðsstofu Norðurlands og skipuleggjendur Vestnorden. Verkefnið fellur vel að skilaboðum íbúafþings þar sem fyrsta meginmarkmiðið er „Framandi áfangastaður“ og mikil áhersla lögð á uppbyggingu svæðisins sem ferðamannastaðar.

Verkefninu var úthlutað kr. 600.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.